

## Ársskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands 2019

### Stjórn og starfsmenn

Stjórn Sagnfræðistofnunar er óbreytt frá fyrra ári og er hún skipuð eftirtöldum: Guðmundur Jónsson prófessor, forstöðumaður, Sumarliði R. Ísleifsson lektor, Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor og Bragi Þ. Ólafsson, fagstjóri handritasafns Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sem fulltrúi doktorsnema. Kjörtímabil stjórnarmanna er þrjú ár og lýkur því kjörtímabili Braga 2020 en annarra stjórnarmanna lýkur 2021. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu 2019.

Forstöðumaður er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar. Hann er jafnframt formaður Landnefndar sagnfræðinga en auk hans situr í henni Sumarliði R. Ísleifsson fyrir Sagnfræðistofnun, Hrefna Róbertsdóttir og Ólafur Örn Sveinsson fyrir hönd Þjóðskjalasafns Íslands og Sverrir Jakobsson og Íris Gyða Guðbjargardóttir fyrir hönd Sagnfræðingafélags Íslands.

Sigurður Gylfi Magnússon er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögurannsókna sem er hluti af Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann situr einnig fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu, varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands og fulltrúi stofnunar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar.

### Félagar

Fornleifafræði: Gavin Murray Lucas prófessor; Orri Vésteinsson prófessor; Steinunn J.

Kristjánsdóttir prófessor.

Sagnfræði: Erla Hulda Halldórsdóttir dósent, Guðmundur Hálfðanarson prófessor, Guðmundur

Jónsson prófessor, Kristjana Kristinsdóttir lektor, Már Jónsson prófessor, Ragnheiður

Kristjánsdóttir dósent, Sigurður Gylfi Magnússon prófessor, Sverrir Jakobsson prófessor, Valur Ingimundarson prófessor og Viðar Pálsson dósent.

Hagnýt menningarmiðlun: Sumarliði R. Ísleifsson lektor.

Prófessorar emeriti í sagnfræði: Anna Agnarsdóttir, Helgi Þorláksson, Ingi Sigurðsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead.

Sérfræðingur hjá Sagnfræðistofnun: Árni Daníel Júlíusson.

Doktorsnemar: Björn Reynir Halldórsson, Bragi Þ. Ólafsson, Dalrún Jóhannesdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Joe Wallace Walser.

### **Rannsóknir kennara**

**Anna Agnarsdóttir** vann að rannsókn á tengslum Íslands og Frakklands á 18. öld auk nokkurra útgáfuverkefna. m.a. Konunga Íslands, sjálfsævisögu Klemensar Jónssonar og nýrrar útgáfu af endurminningum Guðrúnar Borgfjörð. Anna birti grein um sögulegt samband Danmerkur og Íslands í tímaritinu *Sögu*.

**Erla Hulda Halldórsdóttir** vann að rannsóknum sem tengdust einkum rannsóknarverkefninu „Í kjölfar kosningarréttar“ (Rannís) og ritun bókar, ásamt samstarfskonum, um kvenkjósendur á 20. öld. Bókin verður gefin út af Sögufélagi 2020. Jafnframt vann Erla Hulda að bókinni *Bréf til bróður míns* í rannsóknarleyfi á haustmisseri 2019. Hún flutti nokkra fyrirlestra bæði innanlands og utan sem tengdust ofangreindum verkefnum. Erla Hulda birti grein í tímaritinu *Sögu* sem tengist sagnaritun kvenna. Einnig vann hún að kafla um Elínu Briem í bókinni *Hugmyndaheimur Páls Briem*.

**Guðmundur Hálfðanarson** stýrði NOS-HS rannsóknarverkefninu „The Power of Narratives: Democracy and Media in Political Turmoil“, með þátttöku fræðimanna frá Finnlandi, Svíþjóð, Portúgal, Bretlandi og Íslandi. Hann tók einnig þátt í Jean Monnet verkefninu „Narratives on migration and its impact: past and present“ með breskum, dönskum, finnskum, kanadískum og íslenskum fræðimönnum. Hann birti grein í danska tímaritinu *Politica* og hélt fyrirlestra í Björgvin, Fontainebleu, Madison og Reykjavík.

**Gavin Lucas** gaf út bókina *Writing the Past*. Hann flutti keynote-fyrirlestur hjá Annual Association of European Archaeology í Bern, Sviss, og hélt fjögur erindi hjá Dalrymple Lecture Series við University of Glasgow, auk ýmissa annarra erinda. Gavin stýrði áfram uppgrefti á fornminjum frá 16. til 18. aldar í hjáleigunni Móakoti á Setjarnarnesi og enn fremur vann hann að undirbúningi rits um uppgröft í Skálholti.

**Guðmundur Jónsson** stýrði verkefninu „Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins“ (Rannís), og tók þátt í tveim norrænum rannsóknarverkefnum. Guðmundur birti grein í *Nýju Helgakverri*, og ritstýrði bókinni með öðrum. Hann skrifaði kafla í bókina *The Changing Meanings of the Welfare State* (Berghahn). Guðmundur skipulagði málþing í verkefninu „Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins“ og tók þátt í skipulagningu NAFHA-ráðstefnu í Reykjavík undir heitinu „Re-visiting Fisheries History – Re-visiting Iceland“. Guðmundur flutti þrjú erindi á innlendum ráðstefnum og tvö á fyrsta norræna hagsögupinginu í Uppsala. Hann starfaði í nefnd á vegum forsætisráðuneytis um fjórðu iðnbýltinguna sem skilaði skýrslu í febrúar.

**Helgi Þorláksson** flutti fyrirlestur í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags um Skálholt á kaþólskri tíð og lútherskri. Hann birti greinina „Guðmundur góði og klaustrið í Saurbæ“ í *Nýju Helgakverri* og tvær greinar í ritinu *Landnám Íslands. Úr fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands 2014–2015*.

**Kristjana Kristinsdóttir** vann að rannsókn sinni „Lénið Ísland 1541–1683. Valdsmenn á Bessastöðum og skjallasafn þeirra“. Hún flutti einnig erindi um efnið á rannsóknardögum Þjóðskjallasafns.

**Már Jónsson** tók sem fyrr þátt í rannsóknaverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“, með áherslu á gagnagrunn um eftirlátnar eigur fólks á 18. og 19. öld. Hann gaf út eina bók á árinu, *Draumadagbók Sæmundar Hólm*, og birti grein um Sæmund í *Nýju Helgakverri*, afmælisriti Helga Skúla Kjartanssonar, og aðra um Tómas Sæmundsson í tímaritinu *Opuscula* í Kaupmannahöfn. Hann skrifaði ritdóm í *Sögu* og hélt fyrirlestra í Reykjavík og við háskólana í Purdue og Madison í Bandaríkjunum.

**Orri Vésteinnsson** stjórnar þrem rannsóknarverkefnum: „Lífskjör á Íslandi 1100–1800 –Vitnisburður Stóruborgarrannsókna“, fornleifarannsókn í Brekkum hjá Hofstöðum í Mývatnssveit og „Stokkar og steinar – hráefnisnotkun norrænna manna á Grænlandi“. Orri ritýrði með öðrum bókinni *Polity and Neighbourhood in Early Medieval Europe*, og átti greinar í *Nýju Helgakverri*, *Journal of Anthropological Archaeology*, *Journal of Social Archaeology*, *Radiocarbon* og *Saga- Book of the Viking Society*. Orri skipulagði fyrirlestraröðina Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði í samstarfi við Félag fornleifafræðinga og Þjóðminjasafn Íslands, og stóð fyrir málþingi vestnorrænna fornleifafræðinga á Brjánsstöðum á Skeiðum. Hann flutti fyrirlestra í Hveragerði, London, París, Reykjavík, Róm, Kiel, Reykjavík og á Brjánsstöðum á Skeiðum.

**Ragnheiður Kristjánsdóttir** lauk við bókarhandrit um borgararéttindi íslenskra kvenna og greinar tengdar verkefninu „Í kjölfar kosningaréttar“ sem styrkt er af RANNÍS. Hún var annar ritstjóra bókarinnar *Hugmyndaheimur Páls Briem* og tók þátt í tveimur norrænum verkefnum, annars vegar *Street Politics 1870–1940* og hins vegar *Voting Restrictions in the Nordic Countries* sem er styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Ragnheiður hefur undanfarin ár verið landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*. Hún hélt fyrirlestra í Stokkhólmi, Peterborough í Ontario, Bologna og Reykjavík.

**Sigurður Gylfi Magnússon** stjórnar öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“ (Rannís) og er einn af stjórnendum öndvegisverkefnisins „Fötlun fyrir tíma fötlunar“ (Rannís). Hann er einn af þremur ritstjórum Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar og enn fremur annar tveggja ritstjóra í nýrri alþjóðlegri bókaröð Routledge sem nefnist *Microhistories*. Sex bækur voru gefnar út á hennar vegum árið 2019. Sigurður Gylfi er meðhöfundur

bókarinnar *Híbýli fátæktar* sem út kom hjá Miðstöð einsögurannsókna. Sigurður Gylfi flutti þrjá fyrirlestra á erlendri grund: í Syracuse í Bandaríkjunum, Toronto í Kanada og Tampere í Finnlandi.

**Sumarliði R. Ísleifsson** stóð fyrir tveimur sýningum: *Færeyingar á Austfjörðum* í Fjarðabyggð og *First Encounter: Greenlanders in Ísafjörður 1925* í Veröld, húsi Vigdísar. Hann birti greinina "Within or outside Europe? Modernists and Anti-Modernists Visiting Iceland in the Mid-Nineteenth Century", í *Northern Myths, Modern Identities. The Nationalisation of Northern Mythologies since 1800*. Þá skrifaði hann einnig tvo ritdóma, annan í tímaritið *Sögu*, hinn í *University of Toronto Quarterly*. Einnig hélt hann nokkra fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum hérlendis og erlendis.

**Steinunn Kristjánsdóttir** stjórnaði rannsókn á aftökum eftir siðaskipti á Íslandi og fór í fimm vettvangsferðir innanlands vegna hennar. Þá vann hún að úrvinnslu eldri gagna frá uppgrefti á Skriðuklaustri með doktorsnemum sínum og samstarfsfólki. Hún birti tvær greinar í ritrýndum tímaritum rannsókna sinna, auk þess sem þrjár aðrar voru samþykktar til birtingar. Tímaritin eru *International Journal of Osteoarchaeology*, *Journal of Archaeological and Anthropological Sciences*, *American Journal of Physical Anthropology*, *Journal of Archaeological Science* og *Skírnir*. Steinunn flutti sjö fyrirlestra hérlendis og erlendis um rannsóknir sínar.

**Sverrir Jakobsson** stjórnar rannsóknaverkefninu „Norrænir menn í Austurvegi“ (Legends of the Eastern Vikings), styrkt af Rannsóknasjóði. Fræðimenn frá Íslandi, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum, Rússlandi, Ungverjalandi og Ísrael vinna saman að rannsóknum á væringjum og ýmsum öðrum Austurvegsþjóðum. Þrjár fræðigreinar birtust eftir Sverri á árinu, þar ber hæst greinina „Conversion and Cultural Memory in Medieval Iceland“ í *Church History*. Sverrir flutti fjóra fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum málþingum á árinu. Þá stóð hann fyrir samnorrænum rannsóknaskóla í miðaldasögu í Háskóla Íslands í maí.

**Valur Ingimundarson** er þátttakandi í nokkrum rannsóknarverkefnum, þám. ReNEW (Reimagining Norden in an Evolving World“), MAREC (Arctic Security and Preparedness Network), verkefni um lýðræðislega stjórnarskrárgerð (Rannís), og öryggismál á vegum Royal United Services (RUSI). Hann birti tvo bókakafla, annan í *The Palgrave Handbook of Arctic Policy and Politics*, og hinn í *Collapse of Memory – and Memory of Collapse: Narrating Past, Presence and Future about Periods of Crisis*, svo og grein í ráðstefnuritinu *Global Development: Challenges of Predictability and Manageability*. Hann hélt erindi á ráðstefnum í New York, Austin, St. Pétursborg, Sjanghæ og Kaupmannahöfn.

**Viðar Pálsson** fór í rannsóknaleyfi um mitt ár 2019 til Rómar þar sem hann var gestafræðimaður við

*Norsku stofnunina í Róm* (rannsóknasetur Oslóarháskóla). Hann hélt fyrirlestra í Reykjavík fyrri hluta árs. Hann hélt áfram þátttöku í rannsóknarverkefnum um valdastéttir Norðurlanda á hámiðöldum og um Jón Halldórsson Skálholtsbiskup, sem bæði eru á lokastigum.

### **Doktorar í fornleifafræði og sagnfræði**

Doktorsnám í fornleifafræði og sagnfræði hefur stykst til muna á undanförunum árum. Á árunum 2010–2019 brautskráðust 5 doktorar í fornleifafræði og 14 doktorar í sagnfræði. Á vef Uglu (undir doktorsvarnir) er [listi](#) yfir doktora í þessum greinum síðan 2010 og á [vef Háskóla Íslands](#) fram til 2010. Árið 2019 brautskráðist einn nemandi, Ionela Maria Bogdan. Titill ritgerðar: *The interlinking of gender, state policies and lived experience among Romanian Roma women during the communist regime*. Leiðbeinendur voru Guðmundur Hálfðanarson og Dora Radosav (sameiginleg gráða með Babes-Bolyai háskólanum í Cluj-Napoca, Rúmeníu).

### **Útgáfa**

Sagnfræðistofnun lagði drög að útgáfu bókar Marie Simon Thomas, *Íslandsferðir Hollendinga á 17. og 18. öld* (Onze IJslandsvaarders in de 17de en 18de eeuw: Bijdrage tot de geschiedenis van de Nederlandsche handel en visscherij) í þýðingu Leos J.W. Ingasonar. Þá var ákveðið að ritgerðasafn um Pál Briem undir ritstjórn Ragnheiðar Kristjánsdóttur og Sverris Jakobssonar kæmi út í ritröðinni Sagnfræðirannsóknir árið 2019. Háskólaútgáfan tók við bókalager Sagnfræðistofnunar sem Sögufélag hefur geymt í húsnæði Þjóðskjalasafns. Sagnfræðistofnun varð þó að taka við bókum sem enn eru til í stóru upplagi og kom þeim fyrir í Árnagarði. Jafnframt leitaðist stofnunin við að grynka á bókalagernum. Þann 3. október var haldin útsala í Árnagarði á útgáfubókum og tókst hún vel. Þá voru lögð drög að því að koma bókum stofnunarinnar í sölu á vef Forlagsins.

### **Ráðstefnur, málþing, fyrirlestrar og fundir**

Sagnfræðistofnun tók þátt í málstofum og fundum með öðrum stofnunum. Þann 25. september var opinn fundur Sagnfræðistofnunar og Alþjóðamálastofnunar er nefndist „Birtingarmyndir smáríkja í alþjóðastjórnsmálum“. Lene Hansen prófessor í alþjóðastjórnsmálum við Kaupmannahafnarháskóla flutti opunarávarp. Þann 27. september tók Sagnfræðistofnun ásamt nokkrum öðrum stofnunum þátt í ráðstefnu undir yfirskriftinni „Hinsegin fólksflutningar innan Norðurlanda á síðari hluta 20. aldar.“

David Reynolds, prófessor í alþjóðasögu við Cambridge-háskóla, flutti fyrirlestur 3. október á vegum Sagnfræðistofnunar í samvinnu við breska sendiráðið sem nefndist „Eyjasögur: Saga

Bretlands á tímum Brexit” (*Island Stories: Britain and Its History in the Age of Brexit*).

Fyrirlesturinn var haldinn í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins og var vel sóttur.

Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar var haldinn 24. október í Hátíðasal H.Í. Gestur að þessu sinni var Dominik Collet prófessor í umhverfis- og loftslagssögu við Oslóarháskóla en hann fæst einkum við rannsóknir á sambandi náttúru og menningar eins og það birtist bæði í andlegum og efnislegum veruleika. Fyrirlestur hans nefndist „Loftslagssaga Litlu Ísaldar: Samband samfélags og náttúru enduruppgötvað“. Á föstudeginum var málstofa með Dominik Collet undir yfirskriftinni “Doing climate history”. Málstofan var nokkuð vel sótt og þá einkum af nemendum úr jarðfræði.

Sagnfræðistofnun hélt í samvinnu við The North Atlantic Fisheries History Association (NAFHA) ráðstefnu í Háskóla Íslands dagana 17.–18. október með yfirskriftinni „Re-visiting Fisheries History – Re-visiting Iceland“. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hélt opunarfyrirlestur ráðstefnunnar sem bar yfirskriftina „The Cod Wars are not over. The use and abuse of the past in present debates.“

Föstudagsmálstofur Sagnfræði- og heimspekideildar undir stjórn Sigurðar Gylfa Magnússonar voru haldnar að venju. Þetta eru óformlegar samkomur kennara og doktorsnema í sagnfræði og skyldum greinum þar sem menn kynna rannsóknir sínar og útgáfuverkefni.

### **Skjalasafn Sagnfræðistofnunar og 50 ára afmæli Sagnfræðistofnunar**

Sagnfræðistofnun var stofnuð með reglugerð 13. apríl 1971 og á því 50 ára afmæli 2021. Ákveðið hefur verið að minnast þessara tímamóta með ýmsum hætti, m.a. hefur Jakob Snævar Ólafsson verið fenginn til að taka saman sögu stofnunarinnar og þeirrar starfsemi sem hefur verið innan hennar vébanda. Jakob Snævar mun vinna að verkefninu sem MA-ritgerð veturinn 2020–2021. Vegna þessa verkefnis var gerð gangskör að því að flokka og skrá Skjalasafn Sagnfræðistofnunar en það hefur ekki verið gert síðan um 1990. Sagnfræðinemarnir Emil Gunnarsson og Freyr Snorrason tóku að sér að koma reiðu á skjalasafnið fyrir árin 1991–2018, flokka það og skrá, og er það nú geymt í Guðnastofu. Eldri hluti safnsins er varðveittur í Skjalasafni Háskólans í Aðalbyggingu.

### **Íðorðanefnd í sagnfræði**

Stjórn Sagnfræðistofnunar ákvað árið 2018 að stofna íðorðanefnd í sagnfræði og tók hún til starfa snemma árs 2019. Starf nefndarinnar felst í því að útbúa orðasafn sem hefur að geyma skilgreiningar á mikilvægum hugtökum í sagnfræði ásamt skýringum og dæmum, og ef tilefni gefst til, breytingum á merkingu hugtaka í tímans rás. Jafnframt verða birt samsvarandi ensk og jafnvel skandinavísk orð um hugtökin. Íðorðanefndina skipa Anna Agnarsdóttir prófessor emeritus, Helgi Skúli Kjartansson prófessor emeritus, Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent og Sverrir Jakobsson prófessor. Anna Agnarsdóttir er formaður nefndar. Starf nefndarinnar hefur verið skipulagt í samráði við Ágústu

Þorbergsdóttur ritstjóra Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar. Nefndin mun einnig leita samstarfs við fræðimenn eftir þörfum.

Styrkur til að vinna að orðasöfnuninni fékkst hjá Málræktarsjóði að fjárhæð 1 milljón kr. Hann hefur einkum verið notaður til að kosta laun starfsmanns nefndarinnar og var Brynhildur Ingvarsdóttir sagnfræðingur ráðin í hlutastarf fyrir árin 2019-2021. Starfi nefndarinnar miðar vel áfram og hefur við orðasöfnunina farið skipulega í gegnum atriðisorðaskrár grunnrita í sagnfræði.

### **Landsnefnd sagnfræðinga og Íslenska sögubíngið 2021**

Landsnefnd sagnfræðinga ákvað á síðasta ári að halda 5. Íslenska sögubíngið í Háskóla Íslands í maí 2021. Sumarliði R. Ísleifsson situr í þingstjórn fyrir hönd Sagnfræðistofnunar, auk fulltrúa frá Sagnfræðingafélagi Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Félagi sögukennara í framhaldsskólum og Félagi íslenskra safna og safnamanna. Sverrir Jakobsson prófessor er formaður þingstjórnar og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri þingsins.

Landsnefndin sér um samskipti við CISH, heimssamtök sagnfræðinga, og önnur alþjóðleg samskipti, þ. á m. ritstjórn *Scandinavian Journal of History*. Ragnheiður Kristjánsdóttir er fulltrúi Landsnefndar í ritstjórninni og sækir árlega fundi hennar. Næsta norræna sagnfræðingabíng verður haldið í Gautaborg 2021 og stefnt er að því að Ísland haldi þingið árið 2024.

### **Ýmiss verkefni**

*Söguslóðir – vefur um íslenska sagnfræði* fékk dálitla upplýftingu í útliti og jafnframt var Urður Egilsdóttir sagnfræðinemi fengin til að uppfæra efni hans. Gagnasafnið Lokaritgerðir í sagnfræði er uppfært á um tveggja ára fresti en uppfærsla á gagnasafninu Íslandssaga í greinum hefur setið á hakanum í mörg ár. Fáeinar bækur voru keyptar í bókasafn Sagnfræðistofnunar á árinu en annars hafa bókakaup verið mjög lítil mörg undanfarin ár. Georg Gylfason, mikil hjálparhella Sagnfræðistofnunar þessi árin, vann að skráningu og frágangi bókakosts og lauk við ritaskrá safnsins.

### **Fjármál**

Sagnfræðistofnun skilaði góðu búi á árinu 2019. Yfirlit um rekstur hennar fylgir með þessari skýrslu. Inni á reikningi hennar stóðu þá 6.660.568. kr., skuld við Háskólaútgáfu er 3.196.636 en inneign vegna *Scandinavian Journal of History* er 2.864.426 kr.. Hrein eign stofnunar er því 6.328.358 kr. sem er tæplega 20% aukning frá 2018. Þess ber þó að geta að útgjöld sem heyra með réttu árinu 2019 verða bókuð á árinu 2020, samtals um 523 þús. kr. Þetta á við um 300.000 kr. óútgreiddan styrk til íðorðanefndar, laun Georgs Gylfasonar og Urðar Egilsdóttur sem nema um 170 þús. kr., greiðslu

fluggjalda fyrir Dominik Collet sem nema 53.000. Gert er ráð fyrir auknum útgjöldum 2020, einkum vegna útgáfuverkefna og framlags til Íslenska söguþingsins sem áformað er að halda árið 2021.

Tekjur Sagnfræðistofnunar námu 3.293.571 kr. árið 2019 þar af eru 1.891.207 kr. fjárveiting frá Hugvísindastofnun, 800.000 styrkur Málræksjóðs, 220.000 kr. styrkur til bókaútgáfu og 382.364 kr. framlag frá *Scandinavian Journal of History*. Útgjöld Sagnfræðistofnunar námu alls 2.267.493 kr., þar af var veittur 800.000 kr. styrkur til kennara, 500.000 kr. til launa starfsmanns hjá íðorðnefnd, 210.710 kr. vegna NAFHA ráðstefnu, 202.172 kr. í ferðakostnað fulltrúa stofnunar í ritstjórn *Scandinavian Journal of History*, 157.239 kr. í launakostnað til nemenda vegna nokkurra verkefna og 114.442 kr. vegna hátíðarfyrirlesturs Jóns Sigurðssonar.



## Fjárhagsyfirlit Sagnfræðistofnunar H.Í. árið 2019

	Staða við árslok 2018	Staða við árslok 2019
139204 Sagnfræðistofnun	5.912.362	6.660.568
139562 Útgáfa	-3.396.176	-3.196.636
139409 Scandinavian Journal of History	2.786.094	2.864.426
139540 Ráðstefnur Sagnfræðistofnunar	0	0
<b>Alls staða stofnunar</b>	<b>5.302.280</b>	<b>6.328.358</b>

### SAGNFRÆÐISTOFNUN 139204

	Tekjur	Gjöld
<b>Frá Hugvísindastofnun og önnur framlög</b>		
Fjárveiting	1.891.207	
Málræktarsjóður	800.000	
<b>Alls fjárveiting</b>	<b>2.691.207</b>	<b>0</b>

#### Stjórn / almennur rekstur

Reikningar frá Reiknistofnun - sími		12.000
Reikningar frá Reiknistofnun - tölvupjónusta		34.500
Laun og launatengd gjöld nemenda		157.239
Keypt tímarit og bækur		15.430
Ritföng		880
Vinna fyrir iðorðanefnd		500.000
<b>Alls stjórn / almennur rekstur</b>	<b>0</b>	<b>720.049</b>

#### Málþing og skyld starfsemi

Veitingar v/ársfundar		15.870
Veitingar (D. Reynolds)		13.968
Flugrúta (D. Reynolds)		7.999
Gisting (D. Reynolds)		37.600
Veitingar v/fundar (D. Reynolds)		11.723
Leigubíll - NAFHA		2.010
Ráðstefnunet - NAFHA		15.000
Stofuleiga - NAFHA		128.700
Rúta - Bessastaður NAFHA		65.000
Hádegisverður með P. Ancil og frú		10.640
Veitingastaðurinn Kopar (D. Collet og stjórn)		24.910
Gestaíbúð (Collet)		24.000
Blómaskreyting JS fyrirlestur (Collet)		13.520
Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar - veitingar		52.012
<b>Málþing og skyld starfsemi alls</b>	<b>0</b>	<b>422.952</b>

#### Veittir styrkir

Kristjana Kristinsdóttir		100.000
Sverrir Jakobsson		100.000
Guðmundur Jónsson		100.000
Valur Ingimundarson		100.000
Erla Hulda Halldórsdóttir		100.000
Ragnheiður Kristjánsdóttir		100.000
Már Jónsson		100.000
Sigurður Gylfi Magnússon		100.000
<b>Alls styrkir</b>		<b>800.000</b>

**ALLS Sagnfræðistofnun (139204)**      **2.691.207**      **1.943.001**  
**Tekjur umfram gjöld**      **748.206**

#### ÚTGÁFA - 139562

Styrkur RannHug v/Af hverju strái frá 2018	220.000	
Flutningapjónustan		20.460
<b>ALLS útgáfa (139562)</b>	<b>220.000</b>	<b>20.460</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>199.540</b>	

#### Scandinavian Journal of History - 139409

INFORMA UK	382.364	
Ferðakostnaður		202.172
Árgjald CISH/ICHS		99.560
Bankakostnaður		2.300
<b>ALLS Scand. Journal</b>	<b>382.364</b>	<b>304.032</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>78.332</b>	